

# Ársreikningur

2025



kt. 430596-3069

# Starfsskýrsla Íþróttafélagsins Ívars árið 2025

Starfsemi Ívars hefur verið með hefðbundnum hætti starfsárið 2025

Bocciaæfingar hafa verið 2x í viku og badminton 2 x í viku. Borðtennisæfingar fluttust til UMFB í Bolungarvík.

Aðalfundur félagsins var haldinn í febrúar á Torfnesi. Allir stjórnarmenn sitja áfram í stjórn. Breyting var þó á hlutverkum stjórnarmanna. Eygló tók við sem formaður og Jenný því eingöngu gjaldkeri.

Engin sveit fór frá Ívari á Íslandsmót ÍF sveitakeppni í boccia sem haldið var í Reykjavík í febrúar. Mótið var boðað með litlum fyrirvara. Engir fararstjórar fengust til að fylgja hópnum og mótið var á sama tíma og vetrarfrí var í MÍ þaðan sem þjálfararnir koma.

Vorslút var haldið með boccia og badminton spili í lok maí á Torfnesi og boðið var upp á ís í sólinni úti við á eftir.

Félagið fékk kvóta frá ÍF fyrir 1 keppanda í badminton á SO Festival sem fram fer í Danmörku í maí 2026. Soffía Rún fer og með henni fer Ebba þjálfari.

Æfingar hófust svo aftur í boccia og badminton í september. 2-3 iðkendur mæta í badminton og 5-7 iðkendur í boccia. Eins og áður mætti mæting á badminton æfingarnar vera betri og stöðugri, það kemur oft fyrir að aðeins tveir iðkendur eru mættir og það hefur komið fyrir að aðeins einn iðkandi er mættur og hann hefur þá stundum tekið þátt í boccia. Það þarf að halda vel utan um þennan hóp til að viðhalda áhuga og ástundun.

Íslandsmót ÍF í einstaklingskeppni fór fram á Akureyri í október. Ívar átti 4 keppendur og komst tveir þeirra í úrslit. Samstarf var haft við félagsþjónustuna í Bolungarvík og Ísafirði og höfðu allir keppendur fylgdarmann/liðveislu. Farið var á einum 5 manna bíl og Jóna Björg var bílstjóri hans og svo einum bílaleigubíl sem liðveislur keyrðu með tveimur keppendum.

Þjálfarateymið stóð saman af:

Boccia: Gabríel, Agla Vígdís, Lára Björg, vorönn 2025

Gabriel og Jensína á haustönn 2025

Borðtennis: Ebba Þórunn haustönn 2025

Einu fjáraflanir þetta árið hefur verið dósatalningar en við vorum svo heppin að fá að halda húsnæðinu sem talið er í eitthvað áfram.

# Undirritun stjórnar

Stjórn Íþróttafélags Ívars, Ísafirði, staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar - 31. desember 2025 með rafrænni undirritun sinni.

Ísafirði 10. mars 2026

## Í stjórn

Eygló S. Kristjánsdóttir  
Harpa Björnsdóttir  
Jenný Hólmsteinsdóttir  
Jóna Björg Guðmundsdóttir  
Svala Sif Sigurgeirsdóttir

## Skoðunarmenn reikninga:

Olgeir Sveinn Friðriksson  
Viktoría Kristín Guðbjartsdóttir

# Rekstrarreikningur

	2025	2024
<b>Rekstrartekjur:</b>		
Æfingagjöld	365.000	500.000
Dósasöfnun	333.132	174.790
HSV - ÍF - Ísl.getraunir	27.701	259.815
Aðrar tekjur	250.000	
	<u>975.833</u>	<u>934.605</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>		
<b>Launakostnaður:</b>		
Laun þjálfara	459.500	445.000
<b>Kostnaður vegna móta:</b>		
Íslandsmót IF - haust	411.253	387.848
Special Olymp. DK	0	451.216
	<u>411.253</u>	<u>839.064</u>
<b>Annar kostnaður:</b>		
Áhöld - Badminton	29.625	39.945
Keppnisfatnaður		161.379
Annar kostnaður	2.200	38.831
	<u>902.578</u>	<u>1.524.219</u>
<b>Fjármagnsliðir:</b>		
Vaxtatekjur	465.986	675.929
Vaxta- og þj.gj.	-8.024	-8.097
	<u>457.962</u>	<u>667.832</u>
<b>Hagnaður (tap):</b>	<u>531.217</u>	<u>78.218</u>

## Efnahagur 31. desember 2025

<b>Fastafjármunir:</b>		
Reiðhnakkur	20.000	20.000
Bocciasett	360.000	360.000
Kollur & renna	134.038	134.038
	<u>514.038</u>	<u>514.038</u>
<b>Veltufjármunir:</b>		
Badmintonflugur	0	29.625
Barpinnar , lyklakippur & pennar	104.266	104.266
	<u>104.266</u>	<u>133.891</u>
<b>Handbært fé:</b>		
Bankainnistæður	9.968.899	9.408.057
<b>Eignir samtals:</b>	<u>10.587.203</u>	<u>10.055.986</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>		
Æfingargjöld	25.000	25.000
	<u>25.000</u>	<u>25.000</u>
<b>Eigið fé:</b>		
Óráðst. eigið fé í upphafi árs	10.030.986	9.952.768
Hagnaður / tap ársins	531.217	78.218
	<u>10.562.203</u>	<u>10.030.986</u>
<b>Skuldir og eigið fé:</b>	<u>10.587.203</u>	<u>10.055.986</u>

# Undirritunarsíða

Gjaldkeri  
Jenný Hólmsteinsdóttir

Stjórnarmaður  
Jóna Björg Guðmundsdóttir

Formaður  
Eygló Sigríður Kristjánsdóttir

Stjórnarmaður  
Svala Sif Sigurgeirsdóttir

Stjórnarmaður  
Harpa Björnsdóttir

Skoðunarmaður  
Olgeir Sveinn Friðriksson

Skoðunarmaður  
Viktoría Kr Guðbjartsdóttir